# Sveitarfélagið Ölfus
# Ársreikningur
# 2012

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit**


Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.............................. 3
Áritun óháðs endurskoðanda......................................................... 4
Rekstrarreikningur......................................................................... 5
Efnahagsreikningur........................................................................ 6
Yfirlit um sjóðstreymi ársins.......................................................... 7
Skýringar....................................................................................... 8-20

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins Ölfuss, A og B hluta, námu alls um 1.506 milljónum króna en rekstrartekjur A hluta námu þar af um 1.386 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt A og B hluta var jákvæð um 236 milljónir króna en rekstarniðurstaða A hluta var jákvæð um 201 milljón króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um 4.046 milljónum króna, bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2012 nam um 1.886 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall um 46,62%.

Í ársbyrjun 2013 lauk fjárhagslegri endurskipulagningu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. en sveitarfélagið er með leigusamning við félagið. Vísað er til skýringar nr. 15 með ársreikningnum varðandi áhrif endurskipulagningar Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. á leiguskuldir sveitarfélagsins.

Það er álit bæjarstjórnar og bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að í ársreikningi þessum komi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Þorlákshöfn, 2. maí 2013

**Bæjarstjórn**

Sveinn Steinarsson
Forseti bæjarstjórnar

Stefán Jónsson

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Kristín Magnúsdóttir

Anna Björg Níelsdóttir

Guðmundur Karl Baldursson

Hróðmar Bjarnason

**Bæjarstjóri**

Ólafur Örn Ólafsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 2. maí 2013

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | A hluti 2012 | A hluti Áætlun | A hluti 2011 | A og B hluti 2012 | A og B hluti Áætlun | A og B hluti 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | | | |
| Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs................. | | 953.040 | 965.500 | 871.485 | 948.833 | 965.500 | 867.687 |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði.................................... | | 266.155 | 231.955 | 237.919 | 266.155 | 231.955 | 237.919 |
| Þjónustutekjur.................................................... | | 118.712 | 89.250 | 93.148 | 296.143 | 249.130 | 257.398 |
| Eignatekjur.......................................................... | | 15.574 | 19.230 | 19.785 | 33.937 | 38.090 | 37.682 |
| Aðrar tekjur........................................................ | | 32.142 | 25.440 | 31.879 | 33.485 | 21.215 | 39.322 |
| | | 1.385.624 | 1.331.375 | 1.254.217 | 1.578.552 | 1.505.890 | 1.440.009 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður................. | 4 | 616.290 | 604.675 | 597.381 | 650.057 | 640.350 | 630.567 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar............................ | 13 | 18.412 | 15.500 | 37.429 | 18.729 | 17.175 | 40.155 |
| Annar rekstrarkostnaður.................................... | | 477.531 | 504.410 | 467.094 | 535.712 | 568.792 | 513.162 |
| Afskriftir fastafjármuna....................................... | 8 | 80.428 | 87.751 | 80.294 | 118.912 | 128.766 | 117.905 |
| | | 1.192.661 | 1.212.336 | 1.182.198 | 1.323.409 | 1.355.083 | 1.301.790 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | | 192.963 | 119.039 | 72.019 | 255.143 | 150.807 | 138.219 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | | |
| Niðurf. eignarhluta og skuldabr.eignar................ | 9 | (23.800) | 0 | (473) | (23.800) | 0 | (473) |
| Fjármunatekjur................................................... | 5 | 6.955 | 11.927 | 10.480 | 3.311 | 8.062 | 4.707 |
| Fjármagnsgjöld................................................... | 6 | 25.152 | (123.618) | (115.250) | 1.564 | (148.609) | (143.350) |
| Gengismunur...................................................... | | 0 | 0 | (1.517) | 0 | 0 | (1.517) |
| | | 8.306 | (111.691) | (106.760) | (18.925) | (140.548) | (140.634) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | 201.269 | 7.348 | (34.742) | 236.218 | 10.259 | (2.415) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | Skýr. | A hluti 31.12.2012 | A hluti 31.12.2011 | A og B hluti 31.12.2012 | A og B hluti 31.12.2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir | 8 | 1.686.256 | 1.704.927 | 2.032.888 | 2.060.849 |
| Leigðar eignir | 8 | 668.507 | 686.737 | 668.507 | 686.737 |
| Veitu- og gatnakerfi | 8 | 141.495 | 146.039 | 389.744 | 374.589 |
| Hafnarmannvirki | 8 | 0 | 0 | 301.781 | 313.834 |
| Áhöld og tæki | 8 | 21.561 | 17.534 | 37.961 | 30.357 |
| Eignarhlutir í félögum | 9 | 122.143 | 145.943 | 122.889 | 146.689 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 96.782 | 95.023 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10 | 17.816 | 24.573 | 17.816 | 24.573 |
| | | 2.754.560 | 2.820.776 | 3.571.585 | 3.637.628 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Vörubirgðir | | 1.008 | 1.008 | 1.008 | 1.008 |
| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | 11 | 157.228 | 147.594 | 166.274 | 159.325 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 10 | 5.808 | 3.888 | 3.542 | 1.769 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 11.476 | 11.811 | 16.550 | 12.021 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 117.026 | 89.885 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 11 | 114.661 | 25.212 | 287.170 | 157.781 |
| | | 407.207 | 279.397 | 474.545 | 331.904 |
| **Eignir samtals** | | 3.161.767 | 3.100.173 | 4.046.130 | 3.969.532 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Eigið fé | | 1.312.596 | 1.111.327 | 1.886.143 | 1.649.925 |
| | | 1.312.596 | 1.111.327 | 1.886.143 | 1.649.925 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 296.740 | 284.808 | 318.333 | 307.754 |
| Skuldabréfalán | 14 | 370.142 | 427.175 | 686.215 | 751.129 |
| Leiguskuld | 15 | 921.181 | 1.028.614 | 921.181 | 1.028.614 |
| | | 1.588.063 | 1.740.597 | 1.925.730 | 2.087.497 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 40.805 | 42.861 | 46.656 | 47.968 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 91.365 | 92.066 | 110.455 | 112.860 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 56.355 | 47.506 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 72.583 | 65.816 | 77.148 | 71.282 |
| | | 261.108 | 248.249 | 234.258 | 232.110 |
| **Skuldir samtals** | | 1.849.172 | 1.988.846 | 2.159.988 | 2.319.607 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.161.767 | 3.100.173 | 4.046.130 | 3.969.532 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | A hluti 2012 | A hluti 2011 | A og B hluti 2012 | A og B hluti 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 201.269 | (34.742) | 236.218 | (2.415) |
| *Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:* | | | | | |
| Afskriftir | 8 | 80.428 | 80.294 | 118.912 | 117.905 |
| Verðbætur og gengismunur | | 17.094 | 33.762 | 35.022 | 56.857 |
| Sölutap (-hagnaður) eigna | | 2.020 | (49) | 1.822 | (49) |
| Niðurfærsla langtímakrafna og áhættufjármuna | | 23.800 | 473 | 23.800 | 473 |
| Breyting á leiguskuld | 15 | (106.040) | 0 | (106.040) | 0 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | 13 | 18.412 | 37.429 | 18.729 | 40.155 |
| | | 236.984 | 117.169 | 328.463 | 212.926 |
| *Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:* | | | | | |
| Vörubirgðir | | 0 | 11 | 0 | 11 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir | | 1.076 | (9.382) | (1.104) | (10.990) |
| *Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:* | | | | | |
| Rekstrartengdar skuldir | | 4.711 | (23.321) | 4.554 | (27.004) |
| | | 5.787 | (32.692) | 3.450 | (37.983) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 242.771 | 84.476 | 331.913 | 174.943 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | (46.530) | (6.120) | (87.147) | (47.306) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 1.500 | 6.697 | 1.898 | 7.049 |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | | 0 | 549 | 0 | 549 |
| Langtímakröfur, breyting | | 7.104 | 155.999 | 4.984 | 153.518 |
| | | (37.926) | 157.124 | (80.264) | 113.810 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | | (18.292) | (16.085) | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 850 | 9.537 | 6.027 |
| Afborganir langtímalána | | (90.624) | (90.258) | (123.647) | (117.312) |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga | 13 | (6.480) | (5.724) | (8.150) | (7.286) |
| Skammtímalán, breyting | | 0 | (105.433) | 0 | (105.433) |
| | | (115.396) | (216.650) | (122.260) | (224.004) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 89.449 | 24.950 | 129.389 | 64.749 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 25.212 | 262 | 157.781 | 93.032 |
| **Handbært fé í árslok** | | 114.661 | 25.212 | 287.170 | 157.781 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst bæjarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Ölfuss.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Vatnsveita Þorlákshafnar, Fráveita Ölfuss, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, Félagslegar íbúðir Ölfuss, Íbúðir eldri borgara og Uppgræðslusjóður Ölfuss.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2012 hefur að geyma ársreikning A hluta og samantekinn ársreikning A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2012 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna
Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur A hluta
Ársreikningur A hluta tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar Ölfuss. Í ársreikningum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda A hluta færð út.

### Ársreikningur A og B hluta
Samantekinn ársreikningur A og B hluta tekur til bæjarsjóðs (A hluta) og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður milli A hluta og fyrirtækja sem mynda B hluta eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir
Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

### Innlausn tekna
Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur vegna óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna (framhald)

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Evra (EUR)........................................................................ | 160,73 | 161,42 | 169,8 | 158,84 |

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Skuldabréf, langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignum í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir með eignarréttarfyrirvörum samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama hátt og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir sveitarfélagsins í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikning A hluta.

### Birgðir

Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði, að frádregnum greiddum afborgunum, og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningurinn var gerður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | Fjárhags-áætlun 2012 | 2012 | Fjárhags-áætlun 2012 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs** | | | | |
| Útsvar | 701.154 | 693.000 | 701.154 | 693.000 |
| Fasteignaskattur | 233.087 | 254.300 | 228.880 | 254.300 |
| Lóðarleiga | 18.800 | 18.200 | 18.800 | 18.200 |
| | 953.040 | 965.500 | 948.833 | 965.500 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 78.139 | 59.500 | 78.139 | 59.500 |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 42.251 | 44.400 | 42.251 | 44.400 |
| Almennt grunnskólaframlag | 59.868 | 46.500 | 59.868 | 46.500 |
| Framlag vegna nýbúa | 2.880 | 2.760 | 2.880 | 2.760 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 11.240 | 10.000 | 11.240 | 10.000 |
| Framlag vegna fatlaðra | 68.235 | 68.795 | 68.235 | 68.795 |
| Framlag vegna tónlistarmenntunar | 3.541 | 0 | 3.541 | 0 |
| | 266.155 | 231.955 | 266.155 | 231.955 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 118.712 | 89.250 | 296.143 | 249.130 |
| Eignatekjur | 15.574 | 19.230 | 33.937 | 38.090 |
| Aðrar tekjur | 32.142 | 25.440 | 33.485 | 21.215 |
| | 166.429 | 133.920 | 363.564 | 308.435 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 1.385.624 | 1.331.375 | 1.578.552 | 1.505.890 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 14,48% |
| Fasteignaskattur - A-liður | 0,36% |
| Fasteignaskattur - B-liður | 1,32% |
| Fasteignaskattur - C-liður | 1,60% |

# Skýringar

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2012 | 2012 | 2012 | 2012 |
| Laun | 494.374 | 487.425 | 521.329 | 516.230 |
| Launatengd gjöld | 121.916 | 117.250 | 128.728 | 124.120 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 616.290 | 604.675 | 650.057 | 640.350 |
| | | | | |
| Stöðugildi árið 2012 | 107 | | 111 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2012 | 132 | | 136 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 21,6 milljónum króna.

## 5. Fjármunatekjur

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2012 | 2012 | 2012 | 2012 |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 1.037 | 0 | 5.471 | 4.070 |
| Vaxtatekjur af skuldabréfaeign | 7.684 | 9.384 | (893) | 1.084 |
| Tekjur af hlutabréfaeign | 4.874 | 228 | 4.874 | 228 |
| Aðrar vaxtatekjur | (6.640) | 2.315 | (6.142) | 2.680 |
| | 6.955 | 11.927 | 3.311 | 8.062 |

## 6. Fjármagnsgjöld

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2012 | 2012 | 2012 | 2012 |
| Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir | 237 | 0 | 242 | 0 |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | 80.651 | 123.618 | 104.234 | 148.609 |
| Breyting á leiguskuld | (106.040) | 0 | (106.040) | 0 |
| Önnur vaxtagjöld | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | (25.152) | 123.618 | (1.564) | 148.609 |

# Skýringar

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

| Rekstur málaflokka greinist þannig: | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags- áætlun | Hlutfall af tekjum |
|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 1.240.568 | 1.240.568 | 1.197.455 | 89,5% |
| Félagsþjónusta | 182.954 | 27.532 | (155.422) | (154.050) | (11,2%) |
| Heilbrigðismál | 1.342 | 0 | (1.342) | (1.330) | (0,1%) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 584.789 | 42.065 | (542.724) | (540.390) | (39,2%) |
| Menningarmál | 55.290 | 1.627 | (53.663) | (53.920) | (3,9%) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 219.943 | 27.170 | (192.773) | (189.145) | (13,9%) |
| Brunamál og almannavarnir | 18.900 | 0 | (18.900) | (19.285) | (1,4%) |
| Hreinlætismál | 39.666 | 28.107 | (11.559) | (12.410) | (0,8%) |
| Skipulags- og byggingarmál | 19.960 | 13.149 | (6.811) | (13.790) | (0,5%) |
| Umferðar- og samgöngumál | 26.736 | 585 | (26.151) | (33.010) | (1,9%) |
| Umhverfismál | 13.824 | 2.459 | (11.365) | (12.195) | (0,8%) |
| Atvinnumál | 11.007 | 3.006 | (8.001) | (6.685) | (0,6%) |
| Framlög til B hluta stofnana | 5.000 | 0 | (5.000) | (5.000) | (0,4%) |
| Sameiginlegur kostnaður | 89.951 | 21.952 | (67.999) | (70.500) | (4,9%) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 18.412 | 0 | (18.412) | (15.500) | (1,3%) |
| Óvenjulegir liðir | 23.800 | 0 | (23.800) | 0 | (1,7%) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 742 | 109.505 | 108.763 | 110.041 | 7,8% |
| Aðalsjóður samtals | 1.312.315 | 1.517.723 | 205.408 | 180.286 | |
| | | | | | |
| **A hluta stofnanir:** | | | | | |
| Eignasjóður | 200.815 | 221.303 | 20.488 | (141.689) | |
| Þjónustumiðstöð Ölfuss | 55.165 | 30.537 | (24.627) | (31.250) | |
| Jöfnunarfærslur | (376.985) | (376.985) | 0 | 0 | |
| A hluti samtals | 1.191.310 | 1.392.579 | 201.269 | 7.348 | |
| | | | | | |
| **B hluta stofnanir:** | | | | | |
| Fráveita Ölfuss | 33.381 | 37.498 | 4.117 | 6.641 | |
| Vatnsveita Þorlákshafnar | 15.333 | 26.518 | 11.185 | 4.771 | |
| Hafnarsjóður Þorlákshafnar | 100.205 | 127.596 | 27.390 | 3.482 | |
| Félagslegar íbúðir Ölfuss | 11.860 | 8.908 | (2.952) | (4.839) | |
| Íbúðir eldri borgara | 20.316 | 15.525 | (4.792) | (7.143) | |
| Uppgræðslusjóður Ölfuss | 2.372 | 2.372 | 0 | 0 | |
| | 183.467 | 218.416 | 34.949 | 2.912 | |
| | | | | | |
| Jöfnunarfærslur | (29.132) | (29.132) | 0 | 0 | |
| | | | | | |
| Samantekinn ársreikningur (A og B hluti) | 1.345.646 | 1.581.863 | 236.218 | 10.259 | |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

| | Fasteignir og byggingarland | Leigðar eignir | Veitu- og gatnakerfi | Tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 2.466.601 | 729.195 | 185.317 | 35.694 | 3.416.807 |
| Eignfært á árinu.................. | 36.788 | 0 | 2.869 | 6.873 | 46.530 |
| Selt og aflagt á árinu........... | (3.805) | 0 | 0 | 0 | (3.805) |
| Staða í árslok...................... | 2.499.584 | 729.195 | 188.186 | 42.567 | 3.459.532 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 761.675 | 42.458 | 39.278 | 18.160 | 861.571 |
| Afskrift ársins ..................... | 51.939 | 18.230 | 7.413 | 2.847 | 80.428 |
| Selt og aflagt á árinu........... | (285) | 0 | 0 | 0 | (285) |
| Staða í árslok...................... | 813.328 | 60.688 | 46.691 | 21.007 | 941.713 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun...... | 1.704.927 | 686.737 | 146.039 | 17.534 | 2.555.237 |
| Bókfært verð í árslok.......... | 1.686.256 | 668.507 | 141.496 | 21.561 | 2.517.819 |
| Afskriftarhlutföll................. | 2-5% | 2-5% | 4% | 2,5-35% | |

### A og B hluti

| | Fasteignir, lóðir og leigðar eignir | Veitu- og gatnakerfi | Hafnarmannvirki | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 3.648.010 | 885.395 | 478.553 | 60.406 | 5.072.364 |
| Eignfært á árinu.................. | 36.788 | 33.046 | 5.708 | 11.604 | 87.147 |
| Selt og aflagt á árinu........... | (3.805) | 0 | 0 | (2.002) | (5.807) |
| Staða í árslok...................... | 3.680.993 | 918.441 | 484.261 | 70.008 | 5.153.704 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 900.425 | 510.806 | 164.719 | 30.049 | 1.605.999 |
| Afskrift ársins...................... | 79.458 | 17.891 | 17.761 | 3.801 | 118.912 |
| Selt og aflagt á árinu........... | (285) | 0 | 0 | (1.802) | (2.087) |
| Staða í árslok...................... | 979.597 | 528.697 | 182.480 | 32.048 | 1.722.823 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun...... | 2.747.586 | 374.589 | 313.834 | 30.357 | 3.466.366 |
| Bókfært verð í árslok.......... | 2.701.395 | 389.744 | 301.781 | 37.961 | 3.430.881 |
| Afskriftarhlutföll................. | 2-5% | 4% | 4% | 2,5-35% | |

| **A hluti** | Fasteignamat | Vátryggingamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Leikskólar og grunnskólar.................................................................. | 505.711 | 1.545.668 | 757.755 |
| Aðrar fasteignir.................................................................................. | 665.887 | 1.889.964 | 1.597.008 |
| | 1.171.598 | 3.435.632 | 2.354.763 |

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

| A og B hluti | Vátryggingamat | Bókfært verð |
| --- | --- | --- |
| Fasteignir A hluta, sjá að framan | 3.435.632 | 2.354.763 |
| Hafnarsjóður Þorlákshafnar | 53.881 | 60.375 |
| Félagslegar íbúðir Ölfuss | 198.010 | 70.526 |
| Íbúðir eldri borgara | 383.101 | 215.731 |
| | 4.070.624 | 2.701.395 |

## 9. Eignarhlutir í félögum

| | A og B hluti | |
| --- | --- | --- |
| **Eignarhlutir í félögum:** | 2012 | 2011 |
| Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands | 12.104 | 12.104 |
| Brunavarnir Árnessýslu | 14.114 | 14.114 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf | 11.450 | 11.450 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign hf | 0 | 23.800 |
| Háskólafélag Suðurlands ehf | 7.446 | 7.446 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 76.452 | 76.452 |
| Aðrir eignarhlutir | 1.322 | 1.322 |
| Bókfært verð í lok árs | 122.889 | 146.689 |

## 10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

| | A og B hluti | |
| --- | --- | --- |
| | 2012 | 2011 |
| Staða í ársbyrjun | 26.342 | 244.326 |
| Viðbót | 0 | 98 |
| Innborganir | (3.401) | (223.616) |
| Verðbreytingar | 0 | 5.535 |
| Afskrifað | (1.583) | 0 |
| Staða í árslok | 21.358 | 26.342 |
| Næsta árs afborgun | (3.542) | (1.769) |
| | 17.816 | 24.573 |

## 11. Aðrar peningalegar eignir

| **Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur** | A hluti | | A og B hluti | |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Útsvar og aðstöðugjöld | 136.307 | 130.518 | 136.307 | 144.354 |
| Fasteignagjöld | 17.786 | 17.627 | 17.786 | 17.627 |
| Aðrar tekjur | 57.363 | 39.634 | 69.121 | 42.167 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (54.228) | (40.184) | (56.940) | (44.823) |
| | 157.228 | 147.594 | 166.274 | 159.325 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Staða í ársbyrjun | 40.184 | 56.120 | 44.823 | 59.874 |
| Breyting niðurfærslu á árinu | 20.065 | 823 | 20.641 | 1.764 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | (6.022) | (16.759) | (8.524) | (16.816) |
| Staða í árslok | 54.228 | 40.184 | 56.940 | 44.823 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Virðisaukaskattur | 4.192 | 4.105 | 4.192 | 4.105 |
| Óinnheimtir vextir | 2.200 | 1.324 | 2.645 | 1.535 |
| Aðrar kröfur | 5.084 | 6.381 | 9.713 | 6.381 |
| | 11.476 | 11.811 | 16.550 | 12.021 |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Óbundnar bankainnst. í ísl. krónum | 114.661 | 25.212 | 287.170 | 157.781 |
| | 114.661 | 25.212 | 287.170 | 157.781 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2012 | 1.111.327 | 1.649.925 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 201.269 | 236.218 |
| Eigið fé 31.12.2012 | 1.312.596 | 1.886.143 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd lífeyriskerfi með bankaábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingastærðfræðinga, miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir, er áætluð alls um 296,7 milljónir króna í árslok 2012 og hefur þá hækkað um 11,9 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar á árinu nemur um 18,4 milljónum króna.

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 21,6 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Lækkun skuldbindingarinnar á árinu 2012 nam um 1,4 milljónum króna en gjaldfærð skuldbinding Hafnarsjóðs á árinu nemur um 317 þúsundum króna.

| | Árið 2012 | | Árið 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | A hluti | A og B hluti | A hluti | A og B hluti |
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 284.808 | 307.754 | 253.103 | 274.885 |
| Hækkun ársins | 18.412 | 18.729 | 37.429 | 40.155 |
| Afborganir ársins | (6.480) | (8.150) | (5.724) | (7.286) |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 296.740 | 318.333 | 284.808 | 307.754 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árin 2013-2017 | 61.883 | 66.386 |
| Árin 2018-2022 | 68.197 | 73.159 |
| Árin 2023-2027 | 57.426 | 61.605 |
| Síðar | 109.234 | 117.183 |
| | 296.740 | 318.333 |

## 14. Langtímaskuldir

### Skuldir við lánastofnanir

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Skuldir í ISK | 446.442 | 502.838 | 781.605 | 847.586 |
| | 446.442 | 502.838 | 781.605 | 847.586 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (76.300) | (75.663) | (95.390) | (96.457) |
| Langtímaskuldir í árslok | 370.142 | 427.175 | 686.215 | 751.129 |

Langtímaskuldir í árslok 2012 greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 76.300 | 95.390 |
| Afborganir 2014 | 69.318 | 88.476 |
| Afborganir 2015 | 68.216 | 87.447 |
| Afborganir 2016 | 68.216 | 87.522 |
| Afborganir 2017 | 49.393 | 68.775 |
| Afborganir síðar | 115.001 | 353.995 |
| | 446.442 | 781.605 |

## 15. Leiguskuld

Sveitarfélagið hefur gert einn leigusamning um fasteign við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF) sem færður er til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningurinn greinist þannig:

### Langtímahluti leiguskuldar:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| | 2012 | 2012 |
| Staða samnings | 936.246 | 936.246 |
| Næsta árs afborgun leiguskulda | (15.065) | (15.065) |
| | 921.181 | 921.181 |

### Aðrar upplýsingar um leigusamninginn:

| | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | Bókfært verð (núvirði) lágmarksleigugreiðslna | |
|---|---|---|---|---|
| | | | ISK | Samtals |
| Sundlaug og heilsutengd starfsemi | 2011-2038 | 5,08% | 936.246 | 936.246 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samnings:

| | 2013 | 2014 | 2015 | Síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sundlaug og heilsutengd starfsemi | 41.832 | 43.148 | 67.192 | 1.584.843 | 1.737.015 |

## 15. Leiguskuld (framhald)

Heildargreiðslur vegna leigusamnings námu 42,6 milljónum króna á árinu 2012 og greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| | 2012 | 2012 |
| Afborgun til lækkunar á leiguskuld | 13.107 | 13.107 |
| Vaxtagjöld | 27.498 | 27.498 |
| Lágmarksleigugreiðsla | 40.605 | 40.605 |
| Rekstrarkostnaður | 2.030 | 2.030 |
| | 42.635 | 42.635 |

Á árinu 2007 gerði Sveitarfélagið Ölfus leigusamning við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF) um leigu á Hafnarbergi 43 er hýsir sundlaug og aðra heilsutengda starfsemi. Leigusamningurinn var færður til skuldar í efnahagsreikningi. Fjárhagsleg endurskipulagning á EFF hefur staðið yfir í nokkurn tíma og lauk í ársbyrjun 2013. Í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar EFF gerði sveitarfélagið nýjan leigusamning við EFF í janúar 2013 og féll þá fyrri leigusamningur úr gildi. Nýi leigusamningurinn, sem er afturvirkur frá 30. júní 2011, nær yfir sömu eignir og eldri leigusamningur og lýkur honum án uppsagnar í júní 2038. Sveitarfélagið á kauprétt að hinni leigðu eign og ákvarðast kaupverðið á hverjum tíma af stöðu áhvílandi fjármögnunar á hinni leigðu eign auk hlutdeildar í ótryggðum lánum EFF. Ekki kemur til frekara álag á kaupverð ef kaupréttur er nýttur fyrir lok árs 2014. Leigusamningurinn er færður til skuldar miðað við kaupverð hinnar leigðu eignar. Lækkun leiguskuldar vegna þessara breytinga nemur 95,7 milljónum króna og hefur hún verið færð til tekna í rekstrarreikningi. Alls hefur verið fært til tekna í rekstrarreikningi 106 milljónir króna vegna ofangreindra breytinga á samningi við EFF.

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

| **Viðskiptaskuldir** | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Innlendar viðskiptaskuldir | 40.805 | 42.861 | 46.656 | 47.968 |
| | 40.805 | 42.861 | 46.656 | 47.968 |

| **Næsta árs afborganir langtímaskulda** | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Skuldir við lánastofnanir | 76.300 | 75.663 | 95.390 | 96.457 |
| Leiguskuld | 15.065 | 16.403 | 15.065 | 16.403 |
| | 91.365 | 92.066 | 110.455 | 112.860 |

| **Aðrar skammtímaskuldir** | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Virðisaukaskattur | 0 | 0 | 2.014 | 3.132 |
| Ógreidd opinber gjöld | 14.957 | 14.469 | 14.957 | 14.469 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 51.674 | 44.497 | 51.674 | 45.290 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 5.487 | 6.007 | 6.740 | 7.320 |
| Aðrar skuldir | 466 | 843 | 1.763 | 1.070 |
| | 72.583 | 65.816 | 77.148 | 71.282 |

## 17. Ábyrgðir og önnur mál

Engar ábyrgðir hvíla á sveitarfélaginu umfram það sem kemur fram í ársreikningnum.

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningur var samþykktur á fundi bæjarstjórnar þann 2. maí 2013

## Skýringar

### 19. Kennitölur

| Í hlutfalli við rekstrartekjur: | A hluti 2012 | A hluti Fjárhags-áætlun 2012 | A og B hluti 2012 | A og B hluti Fjárhags-áætlun 2012 |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 68,78% | 72,52% | 60,11% | 64,11% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 19,21% | 17,42% | 16,86% | 15,40% |
| Skatttekjur samtals | 87,99% | 89,94% | 76,97% | 79,52% |
| Aðrar tekjur | 12,01% | 10,06% | 23,03% | 20,48% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | (44,48%) | (45,42%) | (41,18%) | (42,52%) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | (1,33%) | (1,16%) | (1,19%) | (1,14%) |
| Annar rekstrarkostnaður án afskrifta | (34,46%) | (37,89%) | (33,94%) | (37,77%) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 19,73% | 15,53% | 23,70% | 18,57% |
| Afskriftir | (5,80%) | (6,59%) | (7,53%) | (8,55%) |
| Fjármagnsliðir, nettó | 2,32% | (8,39%) | 0,31% | (9,33%) |
| Rekstrarniðurstaða | 16,24% | 0,55% | 16,47% | 0,68% |
| Handbært fé frá rekstri | 17,52% | | 21,03% | |
| Fjárfestingahreyfingar | (2,74%) | | (5,08%) | |

| Í þúsundum króna á íbúa: | A hluti 2012 | A hluti Fjárhags-áætlun 2012 | A og B hluti 2012 | A og B hluti Fjárhags-áætlun 2012 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 641 | 630 | 639 | 630 |
| Aðrar tekjur | 88 | 70 | 191 | 162 |
| Rekstrartekjur samtals | 729 | 700 | 830 | 792 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 631 | 579 | 686 | 639 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 1.360 | 1.279 | 1.516 | 1.430 |

| Í þúsundum króna á íbúa: | A hluti 2012 | A hluti 2011 | A og B hluti 2012 | A og B hluti 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Efnahagur: | | | | |
| Eignir | 1.662 | 1.613 | 2.127 | 2.065 |
| Eigið fé | 690 | 578 | 992 | 858 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 156 | 148 | 167 | 160 |
| Skuldir án skuldbindinga | 816 | 887 | 968 | 1.047 |

**Fimm ára yfirlit A hluta:**

| Íbúafjöldi: | Árið 2012 | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Í ársbyrjun | 1.922 | 1.909 | 1.945 | 2.002 | 1.930 |
| Breyting á árinu | (20) | 13 | (36) | (57) | 72 |
| Í árslok | 1.902 | 1.922 | 1.909 | 1.945 | 2.002 |

## 19. Kennitölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | Árið 2012 | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útsvar | 50,60% | 51,41% | 53,07% | 51,45% | 52,20% |
| Fasteignaskattar | 18,18% | 18,07% | 18,52% | 16,07% | 14,08% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 19,21% | 18,97% | 15,44% | 15,09% | 18,90% |
| Eignatekjur | 1,12% | 1,58% | 1,57% | 1,19% | 1,20% |
| Skatttekjur samtals | 89,11% | 90,03% | 88,59% | 83,81% | 86,38% |
| Aðrar tekjur | 10,89% | 9,97% | 11,41% | 16,19% | 13,62% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | 44,48% | 47,63% | 47,57% | 43,99% | 40,82% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 1,33% | 2,98% | 1,49% | 0,89% | 3,10% |
| Annar rekstrarkostnaður | 34,46% | 37,24% | 38,86% | 47,57% | 46,68% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 19,73% | 12,14% | 12,09% | 7,55% | 9,40% |
| Afskriftir | 5,80% | 6,40% | 7,85% | 5,32% | 5,04% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði | 13,93% | 5,74% | 4,23% | 2,22% | 4,36% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 2,32% | (8,47%) | (2,77%) | (10,99%) | 10,62% |
| Rekstrarniðurstaða | 16,24% | (2,73%) | 1,46% | (8,77%) | 14,98% |

| **Í þúsundum króna á íbúa:** | Árið 2012 | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 641 | 577 | 498 | 497 | 461 |
| Aðrar tekjur | 88 | 75 | 74 | 96 | 73 |
| | 729 | 653 | 572 | 593 | 534 |
| Laun og launatengd gjöld | 324 | 311 | 272 | 266 | 235 |
| Annar rekstrarkostnaður | 251 | 243 | 222 | 282 | 249 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði | 101 | 37 | 24 | 13 | 23 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 17 | (55) | (16) | (65) | 57 |
| Rekstrarniðurstaða | 118 | (18) | 8 | (52) | 80 |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Eignir | 1.662 | 1.613 | 1.716 | 1.618 | 1.198 |
| Eigið fé | 690 | 578 | 600 | 449 | 697 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 156 | 148 | 133 | 125 | 119 |
| Skuldir án skuldbindinga | 816 | 887 | 983 | 1.045 | 382 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 128 | 44 | 41 | 6 | 182 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 1,56 | 1,13 | 1,00 | 0,77 | 0,95 |
| Eiginfjárhlutfall | 41,51% | 35,85% | 34,98% | 27,75% | 58,20% |